

Nd.

## 14. Frumvarp til laga

[14. mál]

um heyrnarleysingjaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

### I. Skólinn og hlutverk hans.

#### 1. gr.

Í Reykjavík skal vera skóli fyrir heyrnarleysingja. Nefnist hann Heyrnarleysingjaskólinn. Við skólann skal starfrækt heimavist.

Hlutverk skólans er að kenna heyrnarlausum eða heyrnarlitlum börnum að skilja mál og tala. Skal skólinn leitast við að haga störfum sínum í samræmi við eðli og sérstakar þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim til þess að öðlast heilbriggt lífsviðhorf og gæta andlegrar og líkamlegrar heilsu þeirra. Enn fremur að veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum nemenda á fræðsluskyldualdri, hverjum eftir getu og þroska.

#### 2. gr.

Skylt er læknum að tilkynna skrifstofu landlæknis á þar til gerðu eyðublaði jafnskjótt og þeir komast að raun um, að barn innan 7 ára aldurs hafi svo litla heyrn, að lítil líkindi séu til þess að það læri málið eða hætta sé á, að það missi málið vegna heyrnarleysis.

#### 3. gr.

Foreldrum og forráðamönnum þeirra barna, sem annað hvort eru fædd með svo litla heyrn eða heyrn þeirra hefur skemmst svo af sjúkdómum, slysum eða öðrum orsökum, að þau læra ekki málið á eðlilegan hátt, er skylt að senda þau til náms í Heyrnarleysingjaskólann, þegar þau eru 4 ára gömul.

Verði líkur færðar fyrir því, að barn hljóti jafngóða kennslu og uppeldi á annan hátt, getur fræðslumálastjóri, að fengnum tillögum skólastjóra Heyrnarleysingjaskólans, veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Börn skulu stunda nám í skólanum til 16 ára aldurs, nema þau hafi lokið námi þar fyrr eða rétt þyki af öðrum ástæðum að láta þau fara fyrr úr skólanum. Það skal að jafnaði gert, reynist barnið algerlega óhæft til náms. Taki barn svo miklum framförum, að það verði hæft til að njóta kennslu í almennum skólum, skal skólastjóri hlutast til um, að það hljóti skólavist með venjulegum hætti.

Missi barn heyrn eftir að það er orðið talandi og áður en það er orðið 16 ára, gilda framangreind ákvæði einnig um það. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að taka megi til náms í skólanum fólk eldra en 16 ára, hafi það misst heyrnina og skilji af þeim sökum eigi mælt mál.

#### 4. gr.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur fræðslumálastjóri, í samráði við skólastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. 3. gr. um það, hvenær barni skuli komið til náms í skólanum.

### II. Kennarar og starfsfólk.

#### 5. gr.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara við skólann. Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkv. launalögum.

Skólastjóri ræður stundakennara, eftir því sem þörf krefur í samráði við fræðslumálastjóra.

6. gr.

Eigi má aðra skipa skólastjóra eða kennara við skólann en þá, sem lokið hafa kennaraprófi við Kennaraskóla Íslands og prófi í kennslu heyrnarleysingja frá stofnun, sem fræðslumálastjórn viðurkennir. Skólastjóri og kennarar skulu ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma.

Kennarar, sem eigi hafa lokið sérnámi í kennslu heyrnarleysingja, skulu því aðeins settir við skólann, að eigi sé völ á öðrum.

7. gr.

Skólastjóri og kennarar, sem settir eru eða skipaðir til starfa, skulu gegna því samkvæmt erindisbréfi, sem menntamálaráðherra setur.

8. gr.

Skylt er kennara að kenna að jafnaði 30 klukkustundir á viku, en fækka má þeim niður í 25, er hann verður 55 ára og í 20, þegar hann verður 60 ára. Kennarinn skal starfa utan kennslustunda með nemendum sínum í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ákveðið verður í erindisbréfi. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

9. gr.

Skólastjóri ræður annað starfsfólk skólans en fasta kennara, en um tölu þess og laun skal leita samþykkis menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Kennarar Heyrnarleysingjaskólans skulu njóta sömu réttinda til orlofs til þess að auka menntun sína og kennarahæfni eins og kennarar við þá skóla, er annast kennslu nemenda á fræðsluskyldualdri.

### III. Fjármál.

11. gr.

Kostnaður við skólann greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði. Áætlanir um fjárþörf skólans skulu árlega lagðar fyrir menntamálaráðuneytið, og eru allar greiðslur kostnaðar bundnar samþykki þess.

### IV. Stjórn skólans, skýrslur o. fl.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn skólans. Skólastjóri fer í skólanum með umboð fræðslumálastjórnar gagnvart kennurum skólans og nemendum og forráðamönnum þeirra. Hann stjórnar starfi skólans eftir gildandi lögum og ber ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn.

13. gr.

Skólastjóri skal árlega senda fræðslumálastjóra skýrslu um hæfni og framfarir nemenda og annað, er að kennslunni lýtur.

14. gr.

Skólastjóri skal í samráði við foreldra barns eða forráðamenn þess, leitast við að útvega því vinnu eða koma því til náms við þess hæfi, er það hverfur úr Heyrnarleysingjaskólanum. Til þess er skólanum heimilt að styrkja það, ef með þarf, en samþykki fræðslumálastjórnar þarf til hverju sinni, og skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um tilhögun kennslunnar í Heyrnarleysingjaskólanum, svo og um önnur atriði, er skólann varða.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 19. júní 1922, um kennslu heyrnar- og málleysingja.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að frumkvæði menntamálaráðherra, dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, af nefnd, sem þeir Brandur Jónsson, skólastjóri, Ásgeir Pétursson, deildarstjóri, og Stefán Ólafsson, læknir, áttu sæti í.

Lét nefndin fylgja frumvarpinu svofellda greinargerð:

„Kennsla heyrnarleysingja á Íslandi hófst í Þingmúla í Skriðdal árið 1865, og hefur henni óslitið verið haldið uppi síðan.

Með vaxandi þekkingu hafa orðið ýmsar breytingar á kennslu heyrnarleysingja. Áður fyrr voru þeir nefndir „daufdumbir“, (sbr. á erlendum málum „dövstum“, „taubstumm“, „deaf and dumb“, „sourd muet“). Þegar í ljós kom, að þeir gátu lært að tala, átti orðið „dumbur“ ekki lengur við um þá. En þetta nafn hefur orðið þeim til ills á ýmsan hátt. Það er t. d. mjög algeng skoðun, að heyrnarleysingjum sé andlega áfátt, og margir gera sér ekki grein fyrir því, að málleysi þeirra stafar einmitt af heyrnarleysinu.

Þegar fyrsti skólinn fyrir heyrnarleysingja var stofnaður í Frakklandi árið 1775, var kennsla byggð eingöngu á fingra- og táknmáli. Þessi kennsluaðferð ruddi sér til rúms víðast um Vestur-Evrópu. Þó var til skóli, sem stofnaður var í Þýzkalandi litlu síðar, sem kenndi heyrnarleysingjum talmál, en hann hélt kennsluaðferð sinni því miður stranglega leyndri.

Fingra- og táknmálsaðferðin var tekin upp hér á landi og notuð til ársins 1922, er ný kennsluaðferð var upptekin og heyrnarleysingjum kennt talmál. Þó var bendingakerfi notað meðfram. Árið 1944 var svo tekin upp sú kennsluaðferð, sem nú er notuð í flestum löndum, þ. e. að kenna heyrnarleysingjum mælt mál.

Þeir læra jafnan eitthvað að tala, að vísu mismunandi mikið, en oftast nægilega mikið til þess að ekki er rétt að kalla þá „dumba“, þ. e. algerlega mállausa.

Þá veldur það oft óþægilegum misskilningi, að hér eru heyrnarleysingjar kallaðir málleysingjar í daglegu tali, og á það sinn þátt í því, að fólk gerir sér almennt ekki ljóst, að þeir eru heyrnarlausir. Er þetta bagalegt og getur jafnvel verið hættulegt. T. d. þeyta vagnstjórar horn sín á götunni fyrir framan skóla þeirra hér í Reykjavík og skilja þá oft ekki, hvers vegna börnin vikja ekki úr vegi. Hétí skólinn heyrnarleysingjaskóli og væru börnin nefnd heyrnarleysingjar, mundi nafnið sjálft skýra í hverju þeim er áfátt. Það er því þýðingarmikið atriði að breyta um nafn á skólanum. Það er öllum fyrir beztu, bæði almenningi og heyrnarleysingjunum, því að það eyðir misskilningi.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að börnin séu skólaskyld, þegar þau eru 4 ára gömul.

Menn hallast nú æ meir að þeirri skoðun, að brýna nauðsyn beri til að byrja að kenna heyrnarlausum börnum mál svo snemma sem kostur er, og ber einkum þrennt til þess:

1. Á aldrinum 2—6 ára eru börnin næmest fyrir máli.
2. Þegar um heyrnarleifar er að ræða hjá heyrnarlausum börnum, en það er oft, er nauðsynlegt að byrja sem fyrst að þjálf þær, svo barnið hafi þeirra sem mest not.

3. Flestum foreldrum þykir vænst um það barnið, sem bágast á, og kemur ást þeirra á barninu oft fram í of miklu eftirlæti, sem bæði skaðar barnið og gerir það erfiðara viðfangs. Í skólanum finna börnin þann félagsskap, sem þeim er eðlilegur. Þau skilja hvert annað, en á því vill verða mikill misbrestur, þegar heyrnarlaus börn leita félagsskapar heyrandi barna.

Leitast hefur verið við í frumvarpi þessu að kveða sem skýrast á um það, hverja heimilt sé að taka í skólann. Í lögum frá 1922 um kennslu heyrnarleysingja var gert ráð fyrir því, að taka mætti í skólann blind, málhölt og vitsljó börn. En kennsla slíkra barna er með öllu ósamrýmanleg kennslu heyrnarleysingja. Höfuðatriði þeirrar kennslu er að kenna heyrnarleysingjum mál, svo sem að framan greinir. Þeir hafa sama meðfædda hæfileikann og aðrir til þess að skapa sér mál, en vegna þess að heyrnina vantar, geta þeir ekki lært málið á sama hátt og þeir, sem heyra. Um blind, málhölt og vitsljó börn gegnir að sjálfstöðu allt öðru máli. Ákvæði laga frá 1922, um heimild til að taka þau í skólann, er því eðlilegt að fella úr gildi.

Þegar barn yngra en 10 til 15 ára missir heyrn, tapar það næstum alltaf málinu, nema það njóti sérstakrar þjálfunar. Einkum er þessu þannig farið, hafi það ekki lært að lesa áður. Þegar fullorðið fólk missir heyrnina, er máli þess venjulega nokkur hættu búin, njóti það ekki viðeigandi hjálpar. Það er því óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því í þessu lagafrumvarpi, að þeir, sem missa heyrn, geti framvegis fengið nauðsynlega þjálfun og hjálp í Heyrnarleysingjaskólanum.

Þegar heyrnarlaus nemandi hefur lokið námi og á að fara að brjótast áfram á eigin spýtur, mæta honum að jafnaði meiri og minni örðugleikar. Eitt mesta vandamál heyrnarleysingjanna er það, hve mjög þeir finna til þess, að þeir eru öðruvísi en annað fólk. Veldur þetta því öðru fremur, hve erfitt þeir eiga með að aðlagast umhverfi sínu. Þeir eru oft misskildir, enda eiga þeir oftast erfitt með að útskýra aðstæður sínar.

Meðan þeir eru í skóla og samvistum við þá, sem eiga við sömu erfiðleika að stríða, ber venjulega ekki mikið á þessu. En þegar þeir á hinn bóginn koma út í lífið, gegnir öðru máli. Þótt þeir læri að vísu að tala í skólanum, sem er þeim auðvitað mikil hjálp, er það því miður undantekning að þeir læri málið svo vel, að öllum sé strax skiljanlegt hvað þeir segja. Það er enn fremur sjaldgæft, að þeir verði svo leiknir í að lesa mælt mál af vörum annarra, að ekki þurfi að tala greinilega og sérstaklega til þeirra, til þess að þeir skilji, hvað sagt er.

Það er því ekki óeðlilegt, að þeir finni mikið til vanmáttar síns, þegar þeir yfirgefa skólann og eiga að fara að sjá sér farborða sjálfir. Þegar heyrnarlaus unglingur byrjar starf, þarf hann að verða góðvildar og hjálpar aðnjótandi, meðan hann er að kynna starfinu. Þeim mun auðveldara verður að kenna honum það, sem hann er betri í málinu. Þegar hann hefur lært verkið, er hann oft betri verkmaður en þeir, sem heyrandi eru, því honum berst ekkert til eyrna, sem truflar hann, og ekki tefur málæði annarra hann frá vinnunni.

Það er því óheppilegt fyrir heyrnarleysingja að þurfa oft að skipta um starf. Æskilegast væri fyrir þá, að tók væru á að kenna þeim eitthvað, sem þeir gætu haft varanlega atvinnu af, t. d. einhverja iðngrein. En til iðnstarfa eru margir heyrnarleysingjar vel fallnir. Heyrnarleysingjaskólinn hefur engin tók á að kenna þeim iðngreinar, og tala heyrnarleysingja í landinu er svo lág, að vart munu vera tók á því að koma upp sérstakri stofnun til iðnnáms fyrir þá. En þótt skólinn geti ekki kennt þeim iðngreinar, gæti hann þó á ýmsan hátt stutt þá til iðnnáms, t. d. með því að reyna að fá iðnmeistara í hinum ýmsu iðngreinum til að taka þá til náms.

Þá gæti skólinn greitt fyrir heyrnarleysingjum með því að veita þeim hjálp í þeim námsgreinum, sem þeir yrðu að læra í iðnskóla.

Í lögum frá 1922, um kennslu heyrnarleysingja, eru engin ákvæði um sérmenntun heyrnarleysingjakennara, og er því óhjákvæmilegt að bæta úr því. Kenn-

arar með kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands hljóta ekki tilsögn um kennslu heyrnarleysingja, enda er nám þeirra miðað við að kenna heyrandi nemendum lögboðnar námsgreinar.

Í heyrnarleysingjakennslunni eru hinar lögboðnu bóklegu námsgreinar almennra skóla, aðrar en móðurmálið, hins vegar meira og minna aukaatriði, en kennslan öll miðast við að skapa mál hjá nemendunum. Málið er sá grundvöllur, sem öll önnur kennsla byggist á.

Til þess að árangur náist af málkennslunni, er sérmenntun kennara óhjákvæmileg. Hér á landi er þess ekki að vænta, að stofnaður verði sérstakur skóli fyrir heyrnarleysingjakennara og er því ekki annað fyrir hendi en að senda þá til náms við erlendar stofnanir. Að sjálfsögðu fengju þeir þá áður þá fræðslu um þessi efni, sem hægt væri að láta þeim í té hér heima.“